

Ár 2020, miðvikudaginn 15. júlí, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Gunnari Guðmundsyni dómara að Austurströnd 3, Seltjarnarnesi

Fyrir er tekið: Mál nr. 4/2020
Natalía Erla Cassata
gegn
Hjólreiðasambandi Íslands

Gögn málsins nr. 1-3 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

Málið var höfðað með kærú mótttekinni af skrifstofu ÍSÍ þann 26. júní 2020. Undirrituðum dómara var falin meðferð málsins. Kærða var gefinn kostur á að tjá sig um kæruefni og var greinargerð skilað til dómstólsins þann 3. júlí s.l.. Málflutningur fór fram í málinu þann 8. júlí s.l.

I

Dómkröfur

Kröfur kæranda í málinu eru þessar:

Aðalkrafa : Úrslit í 2. stigamóti (bikarmóti) í tímatöku (TT) í junior flokki kvenna, sem haldið var 18. júní 2020 kærð og þess krafist að kærandi teljist sigurvegari.

Varakrafa: Að kærandi verði úrskurðuð í 2. sæti enda var hún sannarlega komin á ráslínu en þurfti að bíða a.m.k. í 45 sek. eftir að fá að ræsa.

Kröfur kærða eru eins og lesa má á grundvelli greinargerða kærða að úrskurður yfirdómara í 2. stigamóti í tímatöku í juniorflokki kvenna sem fram fór þann 18. júní s.l. verði staðfestur og úrslit verði því óbreytt.

II

Í kærú rekur kærandi málavexti, röksemdir sínar og lagarök með eftirfarandi hætti:

„Málavextir

Í máli þessu er óumdeilt að kærandi, sem var þátttakandi í 2. stigamóti (bikarmóti) í tímatöku (TT) sem Tindur hjólreiðafélag hélt 18. júní 2020, mætti of seint á ráslínu miðað við þann tíma sem hún var skráð á. Frá því að hún mætti á ráslínu og þar til ræsir heimilaði henni að fara af stað liðu að minnsta kosti 45 sekúndur. Þegar kærandi mætti á ráslínu fullrytu bæði ræsir og haldari að flögutíminn myndi gilda og að ekki yrði bætt við tímann hennar, að hún þurfi engar áhyggjur að hafa, og halda henni þar með á línunni í framangreindan tíma, í það minnsta. Viktor Logi Þórisson, sem var keppandi á mótinu og ræstur þarnaest á undan kæranda, var að setjast á hjólið og gera sig kláran á ráslínu þegar kærandi mætti á ráslínu. Á eftir honum var ræstur Jóhann Dagur Bjarnason. Að minnsta kosti Viktor, ef ekki Jóhann Dagur líka, geta vottað að Natalía var komin að minnsta kosti 45 sekúndum áður en hún fékk að fara.

Úrslitin voru upphaflega birt þannig að Inga Birna var fyrst, svo Bergdís og loks Natalía. Úrslitum var svo breytt þannig að Natalía var fyrst miðað við flögutíma. Áður en að verðlaunaafhendingu kom var búið að breyta enn einu sinni þannig að Inga Birna var fyrst,

svo Bergdís og svo Natalía í 3. sæti. Ég bar þetta undir mótstjóra fyrir verðlaunaafhendingu, sem var ekki viðstaddur þegar Natalía fór af stað, og sem sagði að þau úr mótstjórn sem voru á ráslínu vissu ekki betur þegar úrslitunum var breytt, hann hefði talað við þig og þessi úrslit stæðu. Með vísan til reglu 1.5.1 óska ég eftir að hér eftir að tryggt verði að keppnishaldarar fái námskeið í reglunum svo svona mistök geti ekki átt sér stað aftur.

Lagarök

Lagarök vegna aðalkröfu: Samkvæmt ákvæði 1.5.1 í keppnisreglum HRÍ um Íslandsmeistaramót og stigamót ber keppnishaldari einn ábyrgð á skipulagi og framkvæmd keppni í samræmi við reglur HRÍ gagnvart keppendum, þjálfurum, aðstoðarfólki, dómurum og áhorfendum. Í máli þessu gáfu starfsmenn keppnishaldara keppanda rangar leiðbeiningar á ráslínu sem ekki er unnt að fallast á að kærandi verið látin gjalda fyrir, enda var kærandi samkvæmt tímatökubúnaði sannarlega hröðust og þar með á hún réttmætt tilkall til 1. sætis í junior flokki kvenna.

Lagarök vegna varakröfu: Regla 3.8.4 í keppnisreglum HRÍ skal keppandi, sem er ekki tilbúinn á ráslínu þegar hann á að ræsa samkvæmt fyrirfram útgefnum tímasettum ráslista, tilkynna mótstjóra þegar hann er tilbúinn og kominn á ráslínu. Mótstjóri getur ákveðið hvenær sá keppandi fær að hefja keppni. Sá keppandi tapar einungis þeim tíma frá því að hann átti að hefja keppni og þar til hann tilkynnir mótstjóra að hann sé tilbúinn að hefja keppni og kominn á ráslínu. Í máli þessu láðist mótshaldara að taka tímann frá því að kærandi, sem var of sein á ráslínu, var tilbúin að hefja keppni en lét hana bíða svo hún tapaði þar dýrmætum tíma. Þess vegna er til vara krafist þess að teknar verði a.m.k. 45 sekúndur af tíma hennar og á kærandi þess vegna rétt til þess að vera úrskurðuð í 2. sæti.

Röksemdir

Vísað er til þeirra raka sem fram koma hér að framan. Auk þess má bæta við að úrslitin voru upphaflega birt þannig að Inga Birna Benediktsdóttir var í 1. sæti, Bergdís Eva Sveinsdóttir í 2. sæti og kærandi í 3. sæti. Úrslitum var svo breytt þannig að kærandi var í 1. sæti og skráður var flögutími, Inga Birna var þá í 2. sæti og Bergdís í 3. sæti. Áður en að verðlaunaafhendingu kom var búið að breyta úrslitunum aftur þannig að Inga Birna var í 1. sæti, svo Bergdís í 2. sæti og loks kærandi í 3. sæti. Þetta var borið undir mótstjóra fyrir verðlaunaafhendingu, sem var ekki viðstaddur ræsinguna, og sem sagði að þau úr mótstjórn sem voru á ráslínu vissu ekki betur þegar úrslitunum var breytt, hann hefði rætt í síma við dómara sem var ekki á svæðinu og þessi síðastnefndu úrslit stæðu.

Kærandi gerir sér grein fyrir að samkvæmt lögum ÍSÍ er kærufrestur runninn út. Vegna þess að formleg niðurstaða barst ekki frá stjórn HRÍ fyrr en 25. júní kl. 14:19 með tölvupósti, viku eftir að atviki (móti) lauk, er þess farið á leit við dómstól ÍSÍ að litið verði til þess að atvikinu hafi ekki lokið fyrr en 25. júní 2020 þegar formleg niðurstaða barst, en fram að því höfðu samskipti við dómara og stjórn HRÍ verið með símtölum, messenger-skilaboðum og óformlegum tölvupóstsamskiptum. „

III

Greinargerð kærða fer hér á eftir:

“Við tókum þetta fyrir á stjórnarfundum, og reglan eins og hún er er illfrankvæmanleg fyrir þau félög sem eru að halda mótin og er lang oftast erfitt að fá starfsfólk til að vinna við mótin.

Íslenska reglan er svona

Keppandi sem er ekki er tilbúinn á ráslínu þegar hann á að ræsa samkvæmt fyrirfram útgefnum tímasettum ráslista skal tilkynna mótsstjóra þegar hann er tilbúinn og kominn á ráslínu. Mótsstjóri getur ákveðið hvenær sá keppandi fær að hefja keppni. Sá keppandi tapar einungis þeim tíma frá því að hann átti að hefja keppni og þar til hann tilkynnir mótsstjóra að hann sé tilbúinn að hefja keppni og kominn á ráslínu.

En hjá UCI alþjóða hjólréiðasambandinu er reglan svona:

The rider shall start his ride under the orders of the timekeeper-commissaire who shall count down to the starting time, following which the timing of the ride shall start. The time of any rider who reports late to the start shall be calculated from that rider's scheduled starting time

En það er ljóst að ræsir þekkti ekki regluna nógu vel þannig að enginn tími var tekinn og keppanda sagt að flögutími gildi. Sem er andstætt reglum.

Dómari fór yfir málið strax fyrir verðlaunaafhendingu og komst að þessari niðurstöðu.”

IV

Dómsniðurstaða

Kærufrestur

Atvik það sem deilt er um átti sér stað í 2. stigamóti í tímatöku (TT) í junior flokki kvenna á vegum Hjólréiðasambands Íslands (HRÍ) þann 18. júní 2020. Kærufrestur skv. grein 1.7.8. í keppnisreglum HRÍ er ein vika frá fyrrgreindu atviki. Kærandi fékk í hendur lokaniðurstöðu stjórnar HRÍ um framangreindan ágreining kl. 14:19 þann 25. júní eða viku eftir hið umdeilda atvik. Kærandi kærði málið síðan til Dómstóls KSÍ daginn eftir þ.e. þann 26. júní.

Þegar á það er litið að kærði gerir enga kröfu hvað þennan þátt málsins varðar og enn er ekki til að dreifa þeim formskilyrðum sem greinar 1.7.5 og 1.7.6 keppnisreglum HRÍ áskilja ber að fallast á að málið hafi borist Dómstól ÍSÍ innan kærufrests.

Efnisleg niðurstaða

Eins og málavöxtum er lýst í kæru snýst ágreiningur málsaðila um það hvort svokallaður “flögutími” hafi átt að gilda gagnvart kæranda í framangreindu 2. stigamóti HRÍ í tímatöku (TT) í junior flokki kvenna og ekki bætt við frekari tíma við þann flögutíma þrátt fyrir að kærandi hafi mætt of seint á ráslínu. Kveður kærandi að bæði ræsir og mótshaldari hafi fullyrt að einungis flögutími yrði lagður til grundvallar.

Kærði telur að mótsstjóri hafi ekki tjáð sig um ofangreinda túlkun. Það hafi einungis ræsir gert, en slíkt sé ekki á hans valdssviði. Í þessu tilviki tók yfirdómari síðan endanlega ákvörðun í málinu fyrir verðlaunaafhendingu og úrskurðaði kæranda í 3. sæti og miðar upphaf tímatöku við áður ákveðinn rástíma kæranda.

Kærandi skaut þeim úrskurði til stjórnar HRÍ sem staðfesti niðurstöðu yfirdómara eins og áður segir þann 25.6. s.l.

Eins og skýrt kemur fram í grein 1.7.3. í keppnisreglum HRÍ túlkar yfirdómari reglurnar. Hann tekur ennfremur við ábendingum, kvörtunum, kærum, dæmir tímavíti og ákveður brottvísun úr keppni. Hann hefur með öðrum orðum endanlegt úrskurðarvald í framangreindum málum

Eins og málið er lagt fyrir dóminn og með skírskotun til hins víðtæka úrskurðarvalds yfirdómara sem hér að framan greinir verður ekki hjá því komist að fallast á kröfur kærða í málinu í þá veru að úrskurður yfirdómara verði staðfestur og úrslit verði því óbreytt.

Þrátt fyrir heimildarákvæði í grein 1.7.8 í keppnisreglum HRÍ um að skjóta megi ágreiningsmálum til Dómstóls ÍSÍ verður að skýra þá heimild mjög þröngt, enda fer það í bága við meginreglur laga innan íþróttahreyfingarninnar að fela íþróttadómstól að leysa úr ágreiningi um atvik sem gerist í mótsframkvæmd. Slíkt vald er með fáeinum undantekningum í höndum dómara eða mótsstjóra viðkomandi móta. Að öðrum kosti myndu framkvæmd móta og úrslit færast inn í dómsali íþróttahreyfingarinnar.

Rétt er að brýna fyrir kærða að öll umgjörð móta á vegum HRÍ verði á þann veg að bæði keppendur og starfsmenn móta séu á hverjum tíma vel upplýstir um gildandi keppnisreglur og túlkun þeirra m.a. á mótsstað og á vefsíðu HRÍ.

Dómsorð:

Staðfestur er úrskurður yfirdómara í 2. stigamóti HRÍ í tímatöku í juniorflokki kvenna sem fram fór þann 18. júní s.l. og úrslit standi því óbreytt.